

Nr. 18-217 S 152 Grímsey ST 2***Fékk í skráfunna og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 741
IMO:
Útgerð: ST 2 ehf.
Smíðaður: Þýskaland, 1955, stál
Stærð: 64,21 brl. 61,0 bt.
Mesta lengd: 20,9 m Skráð lengd: 18,58 m
Breidd: 5,6 m Dýpt: 2,75 m
Vél: Caterpillar, 269 kw, 1976.
Fjöldi skipverja: 3



Grímsey © Árni Þór Baldursson

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. desember 2018 var Grímsey ST 2 á dragnótaveiðum á Húnaflóa. Veður: ANA 16 m/sek.

Skipstjóri tilkynnti til Vaktstöðvar siglinga að báturinn væri með í skráfunni og óskaði eftir aðstoð. Fönix ST 177 dró hann til hafnar á Hólmavík.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn hafði fengið eigin veiðarfæri í skráfunna.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.